

Reykjavík, 16. mars 2018

Alþingi
Nefnarsvið
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, þingskjal 253-179. mál.

Í 39. gr. a í raforkulögum er gert ráð fyrir að ráðherra leggi fram á fjögurra ára fresti fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins. Annars vegar er um að ræða stefnumörkun um uppbyggingu flutningskerfisins í heild sinni en hins vegar stefnumótun um línur og strengi og hvaða þættir séu ráðandi um ákvörðun hlutfallsins milli þessara tveggja kosta. Með þingsályktuninni er þannig gert ráð fyrir að fram komi *viðmið og meginreglur sem hafa ber að leiðarljósi við gerð kerfisáætlunar* eins og segir í greinargerð með lagafrumvarpi því sem síðan breytti raforkulögum og kvað á um nefnda stefnumörkun Alþingis.

Ljóst er að sú stefnumörkun sem hér kemur fram í tillögu til þingsályktunar er mjög almennt orðuð og spurning hvort leiðsögn hennar hefur sjálfstæða þýðingu ef ekki eru sett fram tímasett og mælanleg markmið. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er sérstaklega fjallað um afhendingaröryggið og þann misbrest sem þar er á víða um land. Þá er einnig ljóst að þær verulegu takmarkanir sem eru á flutningsgetu gera það að verkum að möguleikar fjölmargra byggðarlaga til þróunar og atvinnuuppbyggingar eru verulega skertir. Í greinargerðinni er einnig vísað til stjórnarsáttmálans um þessi efni.

Þegar horft er til þeirra meginforsendna sem flutningsfyrirtækinu er ætlað að vinna eftir við uppbyggingu flutningskerfisins (og einstökum dreifiveitum einnig) er eðlilegt að spurt sé hvort svo almennt orðuð þingsályktun veiti þá leiðsögn og skapi þann grundvöll sem að var stefnt með umræddri lagabreytingu. Hér ber að hafa í huga að umrædd viðbót við 39. gr. raforkulaga [kom inn í meðförum þingsins](#) en var ekki hluti af upphaflegu frumvarpi iðnaðarráðherra. Má því ætla að hugmyndin sé sú að Alþingi komi með mun ákveðnari og eftir atvikum beinum hætti að lausn einstakra aðkallandi úrlausnarefna sem blasa við í flutningskerfinu.

Í þessu samhengi vekur sérstaka athygli að sá kafli sem var inn í þeirri tillögu að þingsályktun sem leggja átti fram á síðasta þingi og fjallaði um viðmið um línur og strengi er nú með öllu felldur út. Í stað þess er lagt upp með að fara í sérstakar rannsóknir og greiningar á þessum þáttum. Lýsa verður verulegum

áhyggjum vegna þessarra fyrirætlana enda ljóst að þessi vinna mun tefja enn frekar mikilvægar framkvæmdir sem hafa beðið árum saman og varða einmitt þau grundvallaratriði sem vikið er að hér að framan um afhendingaröryggi, atvinnuuppbyggingu, byggðapróun o.s.frv.

Opinber stefna um uppbyggingu flutningskerfis þarf að tryggja að þarfir samfélagsins fyrir fullnægjandi aðgengi að raforku og bestu mögulegu nýtni raforkukerfisins. Að sama skapi þarf að stuðla að því með skýrum markmiðum að flutnings (og dreifikerfið) sé stakk búið til að standa undir auknu álagi vegna fyrirhugaðra orkuskipta í samgöngum, sjávarútvegi og iðnaði. Þannig styður markviss uppbygging flutnings- og dreifikerfa við markmið og aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum. Tafir í uppbyggingu flutningskerfisins geta augljóslega haft áhrif á framvindu þessara mála.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja um drögin.

Virðingarfyllt,



Páll Erland,
framkvæmdastjóri